

PRESSU MOLAR



formaður Alþýðubandalagsins og fjármálaráðherra, Ólafur Ragnar Grímsson, fundar ekki bara með Jóni Baldvini Hannibalssyni um þessar mundir. Hann stendur einnig fyrir fundum í nafni flokksins og hefur þegar verið fundað í Reykjaneskjördæmi og á Vesturlandi. Það hefur hins vegar vakið athygli, að þingmenn allaballa í þessum kjördæmum, Geir Gunnarsson og Skúli Alexandersson, hafa ekki verið með í för. Tengja menn það þeirri staðreynd að þessir þingmenn voru ekki miklir hvatamenn þess að núverandi stjórn yrði mynduð...

nýr skrifstofustjóri hefur verið ráðinn hjá Alþýðusambandi Íslands. Það er Þráinn Hallgrímsson, sem lengi hefur starfað hjá Menn-ingar- og fræðslusambandi alþýðu...

heyrst hefur að Baldvin Jónsson, auglýsingastjóri Morgun-

blaðsins og umboðsmaður fyrir keppnina um Ungfrú heim, hyggist sinna kynningarverkefnum fyrir utanríkisráðuneytið í svo sem ár. Hann mun verða nokkurs konar markaðs- eða blaðafulltrúi í viðskiptadeild ráðuneytisins, ef markað má þrálátan orðróm...

í upphlaupinu um heiðurslaun listamanna á Alþingi um daginn var tekist á um að koma þeim Thor Vilhjálmssyni og Atla Heimi Sveinsyni í flokk heiðurslauna. Eins og kunnugt er voru fjögur sæti laus í heiðurslaunaflokknum og ríkti samstaða í úthlutunarnefndinni um alla aðila. Tillaga kom hins vegar frá Ólafi Ragnari Grímssyni fjármálaráðherra og Svavari Gestssyni menntamálaráðherra um að bæta þeim Thor og Atla Heimi við. Allir flokkar samþykktu að vera með í þessari tillögu nema Kvinnalístin. Fjölmíðlar hafa sagt svo frá, að konurnar hafi álfarið neitað að taka þátt í þessu bralli. Ekki er það alveg sannleikanum samkvæmt. Kvinnalístin mun nefnilega hafa verið tilbúinn að bæta þeim Atla Heimi og Thor við gegn því að fá tvær listakonur í heiðurslaunaflokkinn — þær Ásgerði Búadóttur veflistakonu og Guðbjörgu Þorbjarnardóttur leikkonu...

forsvarsmenn sambandsins hyggjast gera heimildamynd um SIS — kannski ekki seinna vænna. En eitthvað þarf myndin að heita annað en bara heimildamynd um sambandið. Nærtækast þykir að gefa henni nafnið „Í skugga Valsins“...

nú mun vera svo mikið að gera hjá firmaskrá borgarfégeta-

embættisins að eini starfsmaður skrárinnar er hættur að taka sím-

ann. Hjá símastúlku embættisins fengust þær upplýsingar að fólk

yrði hreinlega að mæta á staðinn. Samkvæmt þessu virðist því ómögu-



KOTASÆLA fitulítill og freistandi

Þessi fitulítla og kalkríka afurð býr yfir óþrjótandi fjölbreytni:

Hún er afbragð ein sér, frábær ofan á brauðið með t.d. kryddjurtum, gæðir súpuna rjómaþragði og gefur sósunni á grænmetisalatíð fyllingu og ferskleika.

KOTASÆLA – fitulítill og freistandi



AUK/SIA kott-387

ATHUGIÐ VÉL

Í Pennanum er gott úrval af öllum nauðsynlegustu skrifstofuvélum, bæði fyrir stórar skrifstofur og venjuleg heimili.

**6.800.—
stgr.**

Reiknivélar með strimli eru nú fáanlegar frá kr. 2.050.— og öflugar reiknivélar kosta nú aðeins kr. 6.800.— í Pennanum.

**17.900.—
stgr.**

Olympia Carrera er frábær skóla- og heimilisritvél á sérstöku tilboðsverði, kr. 17.900.— Aðrar fullkomnar skólaritvélur frá kr. 16.750.—

**25.929.—
stgr.**

Þessi pappírstættari er óseðjandi og á áður óþekkту verði, kr. 25.929.— Það sem í hann er látið kemur engum öðrum við.

35.—

Disklingar

Margar gerðir og stærðir af disklingum og disklingageymslum. Disklingarnir eru nú orðnir jafn ódýrir og stílabækur. Verð frá kr. 35.—

Vertu vélbúinn

... allt í einni ferð

PENNAN
Hallarmúla 2, ☎ 83211

HOTEL ALEXANDRA AUGLÝSINGASTÓÐ